



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
125 Reykjavík

Reykjavík 27. desember 2012

Efni: Kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna útboðs Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum(SSS) á áætlunarferðum milli Keflavíkurflugvallar (FLE) og höfuðborgarsvæðisins

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök ferðapjónustunnar (SAF) vilja með bréfi þessu vekja athygli Samkeppniseftirlitsins á svokölluðu útboði SSS á áætlunarferðum/ reglubundnum ferðum milli Flugstöðvar Leif Eiríkssonar (FLE) og höfuðborgarsvæðisins, sem auglýst var í nóvember 2012 og er tilboðsfrestur til 4 janúar 2013.

Samtökin telja í fyrsta lagi að ekki sé um raunverulegt útboð að ræða, þar sem verkkaupi leitar eftir sem lægsta verði fyrir verk eða þjónustu, heldur felist í útboðinu/ útboðsskilmálum (fskj. 1) að SSS hefur ákveðið að meðalfargjald fyrir aðra leið verði kr. 1,950 en kr. 3,500 fyrir báðar leiðir. Samtökin telja að í þessum útboðsskilmálum SSS, grein 0.3.14, felist ákvörðun um verðsamráð á fargjaldi til neytanda, sem fái ekki staðist skv. samkeppnislögum, IV. kafla og feli í sér misnotkun. SSS hafi verið óheimilt að ákveða eða veita leiðbeiningar um fargjöld á leiðinni til FLE. Útboðið og atvinnustarfssemi SSS, falli undir gildissvið samkeppnislaga.

Í öðru lagi er ljóst af útboðsgögnum (grein 0.2.9, 3 mgr.) að SSS ætlar sér að taka 35% af uppgefnu meðalfargjaldi, sem neytendur/farþegar frá höfuðborgarsvæðinu greiða nú sem fargjald til hópferðafyrirtækjanna Kynniserða og Allrahanda sem eru í verðsamkeppni á þessari leið. Sá ávinningur, hagræði, sem felst í því að einungis einn aðili verður um „hituna“ eftir útboðið, á því ekki að skila sér til neytanda/farþega, ferðamanna, með lækkun fargjalds. Í útboðinu felst fyrst og fremst að fjármunir verða teknir af farþegum sem leið eiga frá höfuðborgarsvæðinu til FLE og til baka og verða keyra í gegnum lögsagnarumdæmi SSS. Þessir fjármunir verða notaðir til að greiða niður fargjöld milli byggðakjarna á Suðurnesjum og milli kjarnanna á Suðurnesjum og Reykjavíkur.

Í þriðja lagi telja samtökin að samningur Vegagerðarinnar frá 1. febrúar 2012 (fskj. 2) um að veita SSS einkaleyfi á leiðinni FLE – RVK hafi verið ólöglegt aðgerð því þá þegar hafi verið til staðar sjálfbær *samkeppni* á þessari leið og þurfi *enga opinbera styrki eða stýringu*. Útboðið sé því ólöglegt. Vegagerðin og innanríkisráðuneytið hafi verið bundin af innleiðingu reglugerðar EB nr. 1370/2007. Þann 24. janúar 2011 hafi innanríkisráðherra sett reglugerð nr. 128/2011 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1370/2007, um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og vegum. Reglugerðin hefur að geyma reglur Evrópusambandsins um almenna farþegaflutninga og í 8. inngangslíð hennar segir að markaðir þar sem reglur hafa verið afnumdar, og þar sem enginn einkaréttur er til staðar, **skuli halda eiginleikum sínum**. Við afgreiðslu laga nr. 162/2011 mæltist Samkeppniseftirlitið jafnframt til þess í umsögn sinni að „gætt verði að því að ekki verði veitt sér- eða einkaleyfi á leiðum þar sem tekjur af rekstri standa bersýnilega undir kostnaði við hann.“

Í fjórða lagi telja samtökin að í samningur Vegagerðarinnar og SSS frá 1. febrúar 2012 hafi verið ólögmaður því með honum hafi verið veittur ríkisstyrkur til leiðarinnar FLE - höfuðborgarsvæðið, sem hafi fyllilega staðið undir sér. Enginn leið er að átta sig á því hvernig 20mkr. ríkisstyrkurinn sem samningurinn felur í sér er fundin út eða á hvaða forsendum. Samtökin telja að þessi ógegnsæja styrkveiting fái ekki staðist skv. EES samningnum og reglugerð EB/1370/2007, en ákvæði hennar voru innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 128/2011.

Samtökin telja í fimmta lagi að ekki fái staðist að bjóða út leiðina FLE – höfuðborgarsvæðið eða binda hana einkaleyfi eða veita til hennar ríkisstyrk því þessi ferðamáti, „flugrútan“, en er einungis notaður af *ferðamönnum* sem eru á leið til og frá Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt reglugerð EB 1370/2007 og reglugerð 128/20011 gilda þær ekki um þjónustu vegna *ferðamennsku*, sjá 1. gr. 2. tölulið EB reglugerðarinnar og 2. gr. íslensku reglugerðarinnar. Sérstaka athygli vekur að að *almenningsamgöngur*, í heild sinni voru ekki boðnar út á svæði SSS, heldur einungis þessi arðbæra og sjálfbæra akstursleið með ferðamenn á milli FLE til höfuðborgarsvæðisins.


Að mati samtakanna fær ekki staðist að afnema núverandi samkeppni á leiðinni FLE - höfuðborgarsvæðið, með þeim hætti sem gert var með lögum nr. 162/2011 og síðan með einkaleyfissamningi Vegagerðarinnar við SSS frá 1. febrúar 2012, sem hafði afturvirk áhrif frá 1. janúar 2012. Verði útböð SSS ekki stöðvað eða ógilt af samkeppniyfirvöldum mun öll samkeppni á leiðinni FLE- höfuðborgarsvæðið hætta þann 15. apríl 2013 og einokun SSS taka við næsta áratug.

Þann 27. mars 2011 hóf Iceland Excursions Allrahanda ehf. (IEA) fólksflutninga á leiðinni FLE – höfuðborgarsvæðið og þar með var komin á virk samkeppni á leiðinni milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Kynnisferðir (REK) sinntu áfram fyrir reglubundnum fólksflutningum á leiðinni. Mikilvægt er að áfram ríki samkeppni á þessari leið ferðamönnum og neytendum til hagsbóta. Þessi leið þarf engan ríkisstuðning, þótt samningur Vegagerðarinnar og SSS styrki leiðina.

Það er markmið samkeppnislaga skv. 1. gr. að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á atvinnufrelsi, vinna gegn fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda nýjum aðilum að komast inn á markaði. Það er von samtakanna með bréfi þessu að Samkeppniseftirlitið taki kvörtun þessa til skoðunar og beiti strax viðeigandi úrræðum og eftir atvikum bráðabirgðaaðgerðum. Samkeppniseftirlitið beiti öllum tiltækum úrræðum skv. samkeppnislögum til að hindra að einokun og aðrar takmarkanir á atvinnufrelsi verði að veruleika á leiðinni FLE – höfuðborgarsvæðið og skaða munu farþega/ferðamenn.

Hjálagt fylgir a) *greinargerð* þáverandi lögmanns Samtaka atvinnulífsins frá 9. mars 2012 vegna setningar laga nr. 162/2011 (fskj. 3) og b) samtekt á málsatvikum (fskj. 4).

Virðingarfyllst



F.h. Samtaka atvinnulífsins
Jón Rúnar Pálsson



F.h. Samtaka ferðapjónustunnar
Gunnar Valur Sveinsson